

Arctic Smolt hf.
Aðalstræti 20
400 Ísafirði

Egilsstaðir, 10.7.2023
UST202306-045/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 1. júní 2023 – Arctic Smolt, Norður-Botn, Tálknafirði

Þann 1. júní sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Arctic Smolt. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Við neyslu- og lausageyma skulu tryggðar öruggar mengunar-, árekstrar-, eld- og slysavarnir.
2. Frárennislögnum skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi frávikin.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Fara þarf yfir útreikninga á losun fosfórs.
2. Tryggja þarf að útstreymisbókhaldi sé skilað í samræmi við kröfur.
3. Rekstraraðila er bent á að finna not fyrir það lífræna efni sem sest hefur í settjörn stöðvarinnar.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2022 hefur ekki verið skilað.
Ársyfirliti fyrir árið 2022 var skilað þann 6. júlí sl. og er frávikinu því lokað.

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur